

Sviðsmyndir álagsprófs 2019

Árlegu álagsprófi Seðlabanka Íslands er ætlað að meta viðnámsþrótt banka í hugsanlegu efnahagsáfalli. Um er að ræða kerfislegt álagspróf (e. macroprudential stress test) með sveiflutengda áfallssviðsmynd. Seðlabankinn birtir opinberlega helstu niðurstöður álagsprófsins á kerfislega mikilvæga banka í haustútgáfu Fjármálastöðugleika.¹ Sviðsmyndir álagsprófsins eru nú einnig birtar sér og gefst öðrum aðilum því tækifæri til að nota þær í sínum eigin álagsprófum.

Grunnsviðsmynd álagsprófs 2019

Grunnsviðsmyndin er byggð á forsendum um þróun efnahagsmála næstu árin í samræmi við grunnspá Seðlabankans í *Peningamálum* 2018/4, en þó með þeirri mikilvægu breytingu að skammtíma vöxtum er haldið óbreyttum frá áramótum 2018/19.

Áfallssviðsmynd álagsprófs 2019 - sameiginleg sviðsmynd SÍ og FME

Áfallssviðsmyndin er byggð á greiningu og mati á stöðu fjármálakerfisins og áhættuþáttum fyrir fjármálastöðugleika á Íslandi um þessar mundir (sjá nánar í riti *The Central Bank of Iceland's approach to stress testing the Icelandic banking system*²). Sviðsmyndin tekur mið af mati á stöðu fjármálasveiflunnar hverju sinni, þannig að í miklum uppgangi og við hátt eignaverð verður efnahagsáfallið sem áfallssviðsmyndin endurspeglar harðari en ella. Mikilvægt er þó að taka fram að áfallssviðsmyndin felur ekki í sér spá Seðlabankans um væntanlega þróun þjóðhagsstærða eða annarra hagstærða. Tímaraðir fyrir áfallssviðsmynd eru fengnar með hermun á þjóðhagslíkani Seðlabankans (QMM).

Í áfallssviðsmyndinni dregst útflutningur saman


Í áfallssviðsmyndinni 2019 er gert ráð fyrir að alþjóðaviðskipti dragist saman, t.d. sökum vaxandi spennu í viðskiptum, hækkun tolla og auknum viðskiptahömlum á milli landa. Á heimsvísu verður hagvöxtur mun veikari og fjárhagsleg skilyrði versna. Efnahagssamdráttur verður í helstu viðskiptalöndum Íslands.

Viðskiptakjör versna töluvert. Verð helstu útflutningsvara Íslands lækkar, álverð um 35% og verð sjávararafurða um 25% en olíuverð hækkar um 10%. Útflutningstekjur af erlendum ferðamönnum lækka um 30% á fyrsta ári sviðsmyndarinnar (2019) frá árinu á undan, 5% til viðbótar á öðru ári og verða síðan jafn miklar á þriðja ári og á öðru ári. Mikill samdráttur verður því í tekjum

Mynd 1
Þróun hagvaxtar



Mynd 2
Þróun útflutnings¹



Mynd 3
Þróun gengisvísitölu



¹ Sjá t.d. Fjármálastöðugleiki 2018/2.

² Central Bank of Iceland (2017). Working Paper No. 75.

<https://www.cb.is/publications/publications/publication/2017/09/28/Working-Paper-no.-75-The-Central-Bank-of-Iceland-approach-to-stress-testing-the-Icelandic-banking-system/>

af útflyttri vöru og þjónustu. Samdráttur í heildarútflytningi fyrsta árið verður um 13% frá árinu á undan og um 3% á öðru ári.

Gengi krónunnar lækkar og verðbólga eykst

Efnahagshorfur á Íslandi versna og lánshæfiseinkunn Íslands lækkar í kjölfarið. Fjármagnsútflyði verður í nokkrum eignaflokkum, svo sem verðbréfum, en ekki er gert ráð fyrir útflyði innlána. Vísitala meðalgengis hækkar um 30% á fyrsta ári vegna skertra útflytningstekna og fjármagnsútflyðis. Verðbólga eykst í kjölfarið þótt lækkan fasteignaverðs vegi á móti. Skammtímavextir hækka um 1,9 prósentur á fyrsta ári, en lækka svo talsvert á öðru ári.

Fjármögnunarkostnaður eykst, en gert er ráð fyrir viðbótarálagi á skuldabréf einkageirans og fjármögnun banka bæði á Íslandi og erlendis umfram grunnsviðsmynd. Vaxtaálag banka og fyrirtækja hækkar um 250 punkta á innlendra fjármögnun og um 500 punkta á erlendra fjármögnun.³ Vaxtaálag íslenskra ríkisbréfa verður 200 punktar umfram almenna þróun vaxta, en þó er gengið út frá því að álag á erlend ríkisskuldabréf verði óbreytt að meðaltali.

Eignaverð lækkar

Eignaverð lækkar verulega, þar á meðal lækkar verð innlendra hlutabréfa um 30%, verðvísitala íbúðarhúsnæðis um 11% og verðvísitala atvinnuhúsnæðis um 33% á fyrstu tveimur árum áfallsviðsmyndarinnar.


Atvinnuleysi eykst og verg landsframleiðsla dregst saman

Atvinnuleysi eykst og kaupmáttur minnkar. Einkaneysla og fjárfesting dragast saman. Fasteignafélög, byggingarstarfsemi og ferðapjónusta verða fyrir áfalli vegna minni umsvifa, hærri vaxta og vaxtaálags og lækunar fasteignaverðs. Einnig ná áhrifin til þjónustu almennt og fleiri atvinnugreina. Verg landsframleiðsla dregst saman um 4,5% á fyrsta ári og um 1,5% á öðru ári.

Tímaraðir

Tímaraðir helstu þjóðhagsstærða og annarra hagstærða, bæði fyrir grunn- og áfallsviðsmynd, eru gefnar í excel-skjalinu *Þjóðhagsstærðir 2019*.

Mynd 4
Þróun verðbólgu og vaxta¹



¹ Ársmeðaltal verðbólgu og prósentubreytingu skammtímavaxta. Áhersl: Seðlabanki Íslands (QMM-keysti nóv. 2018).

Mynd 5
Þróun kaupmáttar og atvinnuleysis¹



¹ Bæturteyting frá fyrri ári, nema ársmeðaltal atvinnuleysis. Hæðir: Seðlabanki Íslands (QMM-keysti nóv. 2018).

Mynd 6
Þróun eignaverðs í áfallsviðsmynd¹



¹ Breyting frá árslokum til ársloka. Hæðir: Seðlabanki Íslands.

³ Viðbótarálag umfram álagið (ofan á kröfu ríkisbréfa) sem notað er í grunnsviðsmyndinni fyrir einkageira og banka.